

Fréttapistill frá forseta Íslands

19. júlí 2021

Yfir hásumarið fækkar embættisstörfum. Við fjölskyldan höfum verið í sumarfrí norðan heiða, notið gestrisni heimafólks og einmuna veðurblíðu. Margt er um manninn á Akureyri, höfuðstað Norðurlands, og sömu sögu má segja um aðrar slóðir. Létt er yfir Íslendingum, fólk gleðst yfir því að farsóttarhömlum hefur verið aflétt hér innanlands. Erlendir ferðamenn sjást einnig í talsverðum mæli. Þeir segjast koma hingað meðal annars vegna þess hve vel hafi gengið hér að verjast veirunni skæðu. Af spjalli mínu við suma þeirra má ráða að þeir virði nauðsyn þess að hafa virkar varnir við landsteinana. Þeir komu hingað vegna þess að hér voru fá smit og vel haldið á málum. Þannig þarf ástandið að vera áfram. Víðast hér nyrðra er mikið að gera á veitingastöðum og öðrum ferðalangafyrirtækjum, nær vonlaust að fá borð fyrir kvöldverð nema pantað sé tímanlega og mér myndi ekki einu sinni duga að falla í fyrsta sinn fyrir þeirri freistingu að spyrja: „En veistu ekki hver ég er?“

Senn liggur leið okkar suður á bóginn á ný og þökkum við enn þann hlýhug sem við höfum notið. Norðurferðin hófst á Brú í Hrutafirði. Þar fögnuðu Veraldarvinir því að tveir áratugir eru liðnir frá því að þeir tóku til við að hreinsa fjörur landsins, með umhverfisvernd og sjálfbærni að leiðarljósi. Sjálfbodoðarnir í Veraldarvinum koma hvaðanæva að úr heiminum og í sumar urðu þau tímamót að manneskja frá hundraðasta landinu bættist í hópinn, umhverfissinni frá Míkrónesíu.

Fyrir helgi birti ég samúðar- og stuðningskveðjur á twitter vegna hamfaraflóðanna í Þýskalandi og víðar í mið-Evrópu. Nú er vitað að nær 200 manns létust vegna þeirra og enn er fjölda fólks saknað.

Á þriðjudaginn var tókum við Eliza á móti Ólympíuförum Íslands, ásamt fylgdarliði. Fjögur keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Tókýó sem hefjast á föstudaginn kemur. Ásgeir Sigurgeirsson keppir í skotfimi, Guðni Valur Guðnason í kringlukasti og þau Anton Sveinn McKee og Snæfríður Sól Jórunnardóttir í sundi. Sundkapparnir búa í Bandaríkjunum og Danmörku og héldu beint þaðan á leikana. Ég ítreka góðar óskar og kveðjur til fulltrúa Íslands á hinni miklu íþróttahátíð. Áfram Ísland!